

Sp.

619. Nefndarálit

[47. mál]

um till. til þál. um undirbúning þess að gera akfært umhverfis landið.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þingsályktunartillöguna á fundum sínum. Enn fremur leit-
aði nefndin umsagnar um málið hjá vegamálastjóra, og er svar hans og álit prentað
sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Fjárveitinganefnd er sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt
með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á samgöngumálaráðherra að láta gera áætlun um sam-
göngubætur yfir Skeiðarársand, sem tengi hringleið um landið. Áætlun þessari skal
hraðað svo sem unnt er og að því stefnt, að hafa megi afnot hennar við gerð veg-
áætlunar fyrir árin 1972—76.

Alþingi, 16. apríl 1968.

Jón Árnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Sverrir Júlíusson. Halldór E. Sigurðsson.	Geir Gunnarsson.	Ágúst Þorvaldsson. Ingvar Gíslason.

Fylgiskjal.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Fjarveitinganefnd Alþingis, Alþingi.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar á þskj. 49, ásamt breytingartillögu á þskj. 241, um undirbúning þess að gera akfært umhverfis landið.

Í tillögunni segir svo: „Alþingi ályktar að skora á samgöngumálaráðherra að láta gera áætlun um vega- og brúagerðir á Skeiðarársandi, sem tengi hringleið um landið, og á hvern hátt afla megi fjár til að framkvæma verkið.

Áætlun þessari skal hraðað eftir föngum, svo að hafa megi hana til afnota við gerð næstu vegáætlunar.“

Í breytingartillögunni á þskj. 241 er lagt til, að einnig verði athugaðir möguleikar á því að leysa umferðarvandamálið yfir Skeiðarársand með flugferju yfir vatnasvæðið.

Flutningsmenn tillögunnar færa mörg og gild rök fyrir því, að opnun hringleiðar um landið með byggingu brúa á vötnin á Skeiðarársandi muni hafa mikla þýðingu fyrir nærliggjandi héruð og raunar landið allt. Skal það sízt vefengt.

Í niðurlagi tillögunnar er það tekið fram, að þessari athugun skuli hraðað eftir föngum, svo að hafa megi hana til afnota við gerð næstu vegáætlunar.

Ég tel sjálfsagt að hraða þessari athugun eftir föngum, en tel með öllu útilokað, að hægt sé að framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og mælingar á einu sumri, en það yrði að gera, ef nota ætti þessar athuganir við gerð næstu vegáætlunar, sem leggja skal fyrir Alþingi á hausti komanda. Skal þetta atriði rökstutt nokkru nánar.

Verkefnið.

Skeiðarársandur nær frá Lómagnúp að vestan og að Skaftafellsheiði að austan, og er hann tæpir 30 km á breidd. Um sandinn falla fjögur stór fljót, og eru þau talið að vestan: Núpsvötn, Súla, Sandgígjukvísl og Skeiðará. Í Súlu koma jökulhlaup úr Grænalóni uppi í Vatnajökli. Þessi hlaup falla yfir í Núpsvötn, er niður á sandinn kemur, og mynda þar einn samfelldan flaum. Talið er, að þessi hlaup geti numið 6—8 þús. teningsmetrum á sekúndu eða 15—20-földu meðalrennsli Þjórsár, svo að dæmi sé tekið.

Á miðjum sandi fellur fram Sandgígjukvísl, og er hún eina vatnsfallið á Skeiðarársandi, sem fellur í nokkuð ákveðnum farvegi. Í hana koma hlaup jafnhliða Skeiðará, og er talið, að vatnsmagn í þeim geti numið 4—5 þús. teningsmetrum á sekúndu.

Austast fellur svo sjálf Skeiðará, og flæmist hún yfir breitt svæði á sandinum, er neðar dregur. Hlaup í hana og Sandgígjukvísl koma úr Grímsvötnum, og hafa þau á undanförunum áratugum komið nokkuð reglulega á fjögurra til fimm ára fresti. Hlaup þessi hafa farið minnkandi hin síðari ár, og er þá talið, að þau hafi numið 6—8 þús. teningsmetrum á sekúndu. Áður voru meðalhlaup talin mun meiri eða 10—12 þús. teningsmetrar á sekúndu, en stórkostlegri hlaup hafa þó komið í Skeiðará í sambandi við gos í Grímsvötnum, og var talið, að í seinasta gosi þar árið 1934 hafi hlaupið í hámarki numið 40—50 þús. teningsmetrum á sekúndu.

Mjög lítið er vitað um venjulegt sumarrennsli í ánum á Skeiðarársandi, en víst er, að það mun aðeins vera lítið brot af því vatnsmagni, sem berst fram í jökulhlaupunum. Það verða því jökulhlaupin, sem ákvarða stærð þeirra mannvirkja, sem byggja þarf. Ef tengja á hringleið um landið með lagningu vegar yfir Skeiðarársand, þá er ljóst, að byggja verður brýr á vatnsföllin á sandinum það stórar, að þær taki öll venjuleg jökulhlaup, eins og þau hafa verið hin síðari ár. Hins vegar er þess ekki að vænta, að unnt verði að byggja brýrnar þannig, að þær tækju hlaup á borð við það, sem kom árið 1934 jafnhliða gosi í Grímsvötnum.

Athuganir, sem gerðar hafa verið til þessa.

Þó að mikill fróðleikur sé til um jökulhlaup á Skeiðarársandi úr Grænalóni og Grímsvötnum á undanförnum öldum, þá er þó fæst af því þess eðlis, að í tölum verði talið, er nota megi við hönnun mannvirkja. Engar nákvæmar mælingar eru t. d. til um stærð hlaupanna eða dreifingu þeirra um sandinn. Tölur þær, sem nefndar eru að framan, eru að mestu leyti ágizkanir jarðfræðinga og jöklafræðinga, sem byggðar eru á rúmmáli þeirra lóna, sem tæmzt hafa, og lengd hlaupanna. Þá er lítið vitað um það ísmagn, sem berst fram með hlaupunum, hve stór ísinn er og þó sérstaklega hve langt hann dreifist fram á sandinn.

Árið 1964 gerðu verkfræðingar Vegagerðarinnar fyrstu frummælingar á Skeiðarársandi til þess að glöggva sig á stærð hlaups, sem væntanlegt var árið eftir. Sumarið 1965 voru teknar loftmyndir af sandinum seint í ágústmánuði. Skeiðarárhlaup kom síðan í september, og fylgdust verkfræðingar Vegagerðarinnar með hlaupinu, mældu dreifingu þess og jakaburð. Meðan hlaupið var í hámarki, voru einnig teknar loftmyndir af sandinum til samanburðar við loftmyndir þær, sem teknar höfðu verið í mánuðinum á undan. Niðurstöður þessara athugana voru á þá lund, að vatnsmagnið í þessu hlaupi hafi verið 6—8 þús. teningsmetrar á sekúndu.

Í nóvembermánuði sama ár kom hlaup í Súlu úr Grænalóni, en þá vildi svo óheppilega til, að svartaboka var og því ógerlegt að fylgjast með hlaupinu.

Þ. l. haust fór Vegagerð ríkisins fram á það við dr. Sigurð Þórarinsson jarðfræðing, að hann tæki saman eins ýtarlega lýsingu og tók væru á um öll jökulhlaup úr Grímsvötnum og Grænalóni, frá því að sögur hófust. Einnig var farið fram á það við hann, að hann semdi greinargerð um þær breytingar, sem orðið hafa á Skeiðarárjökli samfara hlaupunum. Er þess að vænta, að skýrsla dr. Sigurðar geti legið fyrir á þessu ári.

Rannsóknir, sem gera þarf.

Svo sem að framan greinir, þá hafa þær athuganir, sem gerðar hafa verið á Skeiðarársandi til þessa, eingöngu verið miðaðar við að fá fram upplýsingar um hegðun jökulhlaupanna og þá sérstaklega jökulhlaupsins í Skeiðará árið 1965.

Var þetta gert með það í huga, að í lok yfirstandandi vegáætlunar á þessu ári yrði sæmilega bilfært að Skeiðarársandi beggja vegna, og mundi þá verða knútið á með athugun á því, hvort tiltækilegt væri að leggja akveg um Skeiðarársand með víðráðanlegum kostnaði, svo sem nú er gert með ofangreindri tillögu til þingsályktunar. Hefur kostnaður við þessar athuganir verið mjög hóflegur og hann verið greiddur af fjárveitingum til verkfræðilegs undirbúnings framkvæmda.

Hins vegar mun rannsókn sú, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, verða mjög kostnaðarsöm, því að þá verður að rannsaka allt er viðvíkur hugsanlegri gerð mannvirkja, er staðizt gætu venjuleg jökulhlaup. Hver endanlegur kostnaður við slíka rannsókn getur orðið, er ekki unnt að segja, fyrr en hún er nokkuð á veg komin. Eru í eftirfarandi áætlun talin upp fyrstu verkefni, sem leysa þarf í þessu sambandi og hefja mætti þegar á þessu ári, ef fé væri fyrir hendi.

Fyrsti rannsóknarkostnaður:

1. Mælingar, kortagerð og verkfræðikostnaður	600 þús. kr.
2. Botnrannsóknir	500 — —
3. Vatnsmælingar	600 — —

Samtals 1700 þús. kr.

1. Í mælinga- og kortagerðarkostnaði er gert ráð fyrir, að gerð verði kort af stórum svæðum við Skeiðará, Sandgígjukvísl, Núpsvötn og Súlu.

2. Þá er áformað, að gerðar verði rannsóknir á burðarþoli botnsins við Skeiðará, Sandgígjukvisl, Núpsvötn og Súlu með því að reka niður 15—20 staura á mismunandi stöðum í farveg ána. Er þess vænt, að með því móti fáið upplýst, hvert burðarþol botnsins er með tilliti til brúargerðar. Væri mjög heppilegt að geta lokið þessum rannsóknum í sumar, því að brúarvinnuflokkur verður í Öræfasveit í ár við byggingu brúa á Hrúta í Öræfum og Fellsá. Gæti vinnuflokkur þessi gert botnrannsóknirnar á leið úr Öræfum vestur yfir sandinn.
3. Þá hefur í samráði við vatnamælingadeild orkumálastjóra verið gerð áætlun um að koma upp sjálfritandi vatnsmælum í ám beggja vegna Skeiðarársands og í Sandgígjukvisl, en ekki er talið tiltækilegt að koma upp slíkum sjálfritandi vatnsmælum í Skeiðará, Núpsvötnum eða Súlu, sökum þess, hve ár þessar renna á við og dreif. Í þeim yrðu í stað þess gerðar þversniðsmælingar nokkrum sinnum. Yrði það fyrsta skrefið til þess að fá nákvæmar mælingar af næstu jökulhlaupum á Skeiðarársandi.

Það mun fara nokkuð eftir niðurstöðum þessara rannsókna, hvornig rannsóknum verður hagað árið eftir. Líkur eru taldar á því, að næsta hlaup í Skeiðará komi árið 1970. Telur dr. Sigurður Þórarinsson, að þegar mælingar hafa verið gerðar í Grímsvötnum á vori komanda, muni mega segja fyrir um það atriði með nokkurri vissu. Fyrir það hlaup er alveg nauðsynlegt að geta byggt hluta af varnargarði eða varnargarða af mismunandi gerðum, til þess að fá úr því skorið, hvaða gerð varnargarða muni geta staðizt jökulhlaup í Skeiðará. Að fenginni reynslu af slíku hlaupi er líklegt, að gera mætti sér nokkuð raunhæfa grein fyrir því, hvaða gerð varnargarða og brúa kæmi til greina við lagningu vegar yfir Skeiðarársand.

Með vísun til þess, er að framan greinir, þá leyfi ég mér að mæla með því, að framangreind tillaga til þingsályktunar á þskj. 49 verði samþykkt, og tel eftir atvikum eðlilegt, að breytingartillagan á þskj. 241 verði felld inn í tillöguna. Hins vegar leyfi ég mér að leggja til, að niðurlag tillögunnar verði orðað á þá lund, að stefnt skuli að því, að athugun sú, er tillagan gerir ráð fyrir, geti legið fyrir við gerð vegáætlunar fyrir árin 1972—1976.

Verði framangreind tillaga til þingsályktunar samþykkt, þá skal á það bent, að Vegagerð ríkisins mun ekki geta hafið svo umfangsmiklar og kostnaðarsamar rannsóknir sem tillagan gerir ráð fyrir, nema sérstök fjárveiting komi til. Væri eðlilegt, að teknar yrðu upp sérstakar fjárveitingar í þessu skyni í næstu vegáætlun. Hins vegar er nauðsynlegt að hefja þessar rannsóknir í ár, ef stefna á að því, að þeim verði lokið fyrir vegáætlun 1972—1976, þar sem ljúka þarf vissum hluta þeirra fyrir Skeiðarárhlaup það, sem vænt er 1970, eins og vikið er að hér að framan.

Virðingarfyllt,

Sigurður Jóhannsson.